



Tillögur

Aðalfundur 2010

Eftirfarandi tillögur eru lagðar fyrir aðalfund NBI hf. fyrir árið 2010 þann 28. apríl 2011:

Í samræmi við lið 3 í dagskrá aðalfundar

Ályktun aðalfundar NBI hf. hinn 28. apríl 2011:

Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2010.

Hagnaði rekstrarársins að fjárhæð kr. 27.231 milljón skal ráðstafað til hækkunar á eigin fé NBI hf.

Í samræmi við lið 4 í dagskrá aðalfundar

Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar:

Aðalfundur samþykkir starfskjarastefnu NBI hf. í fylgiskjali sem lagt hefur verið fyrir fundinn.

Í samræmi við lið 5 í dagskrá aðalfundar

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins:

Ályktun aðalfundar NBI hf. hinn 28. apríl 2011:

Breytingar á samþykktum

Aðalfundur NBI hf. samþykkir að breyta 1. gr. samþykktanna þannig að hún verði með eftirfarandi hætti:

„Félagið er hlutafélag og nafn þess er Landsbankinn hf.“

Í samræmi við lið 6 í dagskrá aðalfundar

Tillaga um skipan bankaráðs fram til aðalfundar 2011:

Fyrir aðalfundi NBI hf. liggur tillaga um að eftirtaldir einstaklingar verði kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð NBI hf. fram til næsta aðalfundar. Forfallist aðalmaður tekur varamaður sæti í þeirri röð sem nöfn varamanna birtast. Sú undantekning er frá þessari reglu að forfallist aðalmaður Landskila ehf. tekur varamaður hans sæti og eingöngu fyrir þann aðalmann.

Fyrsti varamaður skal að jafnaði taka þátt í fundum bankaráðs.

| Aðalmenn*: | Varamenn*: |
|---------------------------|---------------------------|
| Gunnar Helgi Hálfðanarson | Andri Geir Arinbjarnarson |
| Guðríður Ólafsdóttir | Jón Sigurðsson |
| Sigríður Hrólfsdóttir | Helga Loftsdóttir |
| Þórdís Ingadóttir | Kristján Þ. Davíðsson |
| Ólafur Helgi Ólafsson | Þorsteinn Garðarsson |

*Fyrstu fjórir aðal- og varamenn í upptalningunni eru tilnefndir af Bankasýslu ríkisins en þeir síðasttöldu eru tilnefndir af Landskilum ehf.

Í samræmi við lið 7 í dagskrá aðalfundar

Tillaga um kosningu endurskoðenda:

Ályktun aðalfundar NBI hf. hinn 28. apríl 2011

Kosning endurskoðenda

Aðalfundur NBI hf. kýs Ríkisendurskoðun sem endurskoðendur félagsins fyrir fjárhagsárið 2011

Í samræmi við lið 8 í dagskrá aðalfundar

Tillaga um þóknun bankaráðsmanna:

Ályktun aðalfundar NBI hf. hinn 28. apríl 2011

Þóknun bankaráðsmanna

Þóknun almennra bankaráðsmanna fyrir tímabilið fram til næsta aðalfundar skal vera kr. 350.000 á mánuði, greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal vera kr. 525.000 og þóknun varaformanns kr. 425.000. Ekki er greitt sérstaklega fyrir störf í undirnefndum. Þóknun til varamanna skal vera kr. 175.000 fyrir hvern setinn fund, en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanna innan hvers mánaðar.